

Aðgerðaáætlun

fyrir Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020 – 2024

Atvinnuþróun og nýsköpun

Framtíðarsýn: Sterkir innviðir, góðar samgöngur og nýskapandi atvinnulíf í sjálfbærum landshluta

Meginmarkmið:

- 1. Bæta samgöngur innan landshlutans sem og til landshlutans**
- 2. Styrkja innviði landshlutans**
- 3. Standa vörð um hagsmuni jaðarbyggða**
- 4. Efla fjölbreytt atvinnulíf og stuðla að nýsköpun á öllu svæðinu** - Sérstök áhersla er lögð á matvælatækni, velferðartækni, frumvinnslugreinar, ferðaþjónustu og norðurslóðamál

1. Bæta samgöngur innan landshlutans sem og til landshlutans

1.1. Þróa Loftbrúarverkefnið frekar

Kynna Loftbrúna fyrir íbúum svæðisins
Þrýsta á stjórnvöld að fjölga flugleggjum Loftbrúarinnar

Árangursmælikvarðar: Fjöldi fólks sem nýtir sér Loftbrúna
Fjölga flugleggjum úr 6 á ári í 12
Tími: 2020 - 2024

1.2. Vinna samgöngustefnu fyrir landshlutann

Árangursmælikvarðar: Greinargerð fullunnin og kynnt
Tími: 3/2021 – 3/2022

1.3. Koma á reglubundnu millilandaflugi til Norðurlands eystra

Þátttaka í áhersluverkefni

Árangursmælikvarðar: Fjöldi reglubundinna millilandafluga til landshlutans
Tími: 2/2021 – 06/2022

2. Styrkja innviði landshlutans

2.1. Tryggja magn og gæði raforku

Þátttaka í verkefnastjórn Hólasandslínu 3 og Blöndulínu 3

Árangursmælikvarðar: N-1 tenging komin á í landshlutanum
Tími: 2020 - 2024

2.2. Auka hlutdeild þeirra sem búa við þrífasa rafmagnstengingu í 100%

Fylgja eftir opinberri stefnumörkun um þrífösun í takt við stefnumótandi byggðaáætlun og innviðir2020.is

Árangursmælikvarðar: Hlutfall þeirra sem búa við þrífasa rafmagnstengingu
Tími: 2020 - 2024

2.3. Auka hlutdeild þeirra sem búa við ljósleiðaratengingu í 100%

Fylgja eftir opinberri stefnumörkun um ljósleiðaratengingu í takt við stefnumótandi byggðaáætlun

Árangursmælikvarðar: Hlutfall þeirra sem búa við ljósleiðaratengingu
Tími: 2020 - 2024

2.4. Skilgreina Akureyri sem borgarsvæði

Áhersluverkefni í samstarfi við RHA og samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið

Árangursmælikvarðar: Fullunnin borgarstefna Akureyrar
Tími: 2020 - 2021

3. Standa vörð um hagsmuni jaðarbyggða

3.1. Þátttaka í sértækum verkefnum sóknaráætlanasvæða (C.1 í SB)

Auglýsa eftir hugmyndum að C.1 verkefnum
Tryggja upplýsingaflæði um C.1 til sveitarstjórna
Annast umsóknir og eftirfylgni C.1 verkefna

Árangursmælikvarðar: Fjöldi verkefna og heildarfjárhæð styrkja úr C.1 sjóði byggðaáætlunar
Tími: 2020 - 2024

3.2. Þátttaka í verkefni Byggðastofnunar – Brothættar byggðir

Seta í verkefnastjórnnum, umsýsla og ráðgjöf
Hvetja sveitarfélög til þátttöku og aðstoða við umsóknargerð

Árangursmælikvarðar: Amk. 1 verkefni í Brothættum byggðum í gangi á hverjum tíma
Tími: 2020 - 2024

3.3. Skattaívilnun í veikari byggðum

Þrýsta á að tillaga úr hvítbók stefnumótandi byggðaáætlunar verði að veruleika
Halda ráðstefnu um hvernig þetta er gert annars staðar

Árangursmælikvarðar: Hlutfall íbúa sem njóta skattaívilunar vegna búsetu í veikari byggð
Tími: 2021-2024

3.4. Tryggja jákvæða og viðvarandi umfjöllun um mannlíf og atvinnulíf jaðarbyggðanna

Birta viðtöl og fréttir af jaðarbyggðum landshlutans á heimasíðu, fréttabréfi og samfélagsmiðlum samtakanna

Árangursmælikvarðar: Fjöldi fréttanna og umfjallana
Tími: 2020 -2024

4. Efla fjölbreytt atvinnulíf og stuðla að nýsköpun á öllu svæðinu

4.1. Auka fræðslu og umfjöllun um opinbert styrkjakerfi og efla styrkumsóknaaðstoð í boði hjá SSNE

Birta upplýsingar um opinbera styrki á heimasíðu og samfélagsmiðlum SSNE
Halda námskeið um styrkjakerfið
Bjóða upp á vinnustofur fyrir styrkumsóknarskrif
Stofna styrktarsjóð fyrir frumkvöðla til að sækja styrkumsóknaraðstoð

Árangursmælikvarðar: Aukinn fjöldi umsókna og hærra árangurshlutfall umsókna í opinbera sjóði
Tími: 2020 – 2024

4.2. Efla aðgengi og fjölbreytni námsframboðs á öllum skólastigum, með áherslu á list-, tækni- og verknám

Fylgjast með fjárútlátum stjórnvalda til menntastofnanna á svæðinu

Vinna að innleiðingu listnáms á háskólastigi í samstarfi við HA, LHÍ ofl.
Áhersluverkefni: Ásgarður – skóli í skýjunum
Þátttaka í SamNorr

Árangursmælikvarðar: Fjöldi nemenda í list-, tækni- og verknámi
Tími: 2020 - 2024

4.3. Stofnun Velferðartæknimiðstöðvar

Áhersluverkefni í samstarfi SAK, HSN, ÖA og SSNE
Seta í stjórn Velferðartæknimiðstöðvar

Árangursmælikvarðar: Velferðartæknimiðstöð er tekin til starfa
Tími: 2021 - 2022

4.4. Auka og bæta orkunýtingu í landshlutanum með sérstaka áherslu á jarðvarma

Samstarf við orkufyrirtækin og Eim

Árangursmælikvarðar: Fjöldi og umfang verkefna hjá Eim og í samstarfi við
Eim
Tími: 2020 -2024

4.5. Stuðla að uppsetningu klasasetra í landshlutanum

Gert í gegnum áhersluverkefni sóknaráætlunar

Árangursmælikvarðar: Tvö klasasetur starfandi í landshlutanum
Tími: 2021 - 2024

4.6. Móta sameiginlega sýn fyrir svæðið í atvinnu- og nýsköpunarmálum

Standa fyrir samráði um heildrænt svæðisskipulag

Árangursmælikvarðar: Fundir haldnir með öllum sveitarfélögum
Tími: 2021

4.7. Á Akureyri verði miðstöð fyrir norðurslóðastarfsemi á landinu

Halda fræðslufundi
Gert í gegnum áhersluverkefni sóknaráætlunar
Áframhaldandi seta í stjórn Norðurslóðamiðstöðvar

Árangursmælikvarðar: Formleg staðfesting á hlutverki Akureyrar sem miðstöð
Norðurslóðamála
Tími: 2021 – 2024

Menningarmál

Framtíðarsýn: Aukið vægi fjölmenningar og listnáms sem og fjölgun starfa í listgreinum

Meginmarkmið

- 1. Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi**
- 2. Efla samvinnu menningarstofnana og kynningu á menningarstarfi í landshlutanum**
- 3. Fjölga atvinnutækifærum listafólks á svæðinu**
- 4. Styðja við listsköpun**

1. Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi

1.1. Efla menningartengda ferðaþjónustu, sérstaklega utan háannatíma

Gert í gegnum úthlutun úr uppbyggingarsjóði og í gegnum áhersluverkefni
Samstarf við áfangastaðastofu landshlutans

Árangursmælikvarðar: Framboð af afþreyingu í ferðaþjónustu sem byggir á menningu og listum

Tími: 2020-2024

1.2. Auka sýnileika og tækifæra ólíkra hópa samfélagsins í menningarstarfi

Gert í gegnum umfjöllun á miðlum SSNE
Gert í gegnum styrkveitingar úr uppbyggingarsjóði

Árangursmælikvarðar: Fjöldi greina um menningartengd verkefni á miðlum SSNE

Tími: 2020-2024

1.3. Efla þematengdar hátíðir á svæðinu (fjölmenningarhátíðir, matarhátíðir, handverkshátíðir o.s.frv.)

Byggja áfram upp og festa í sessi Local Food festival, Matarstíg Helga magra, Handverkshátíðina á Hrafnagili og setja á fót fjölmenningarhátíðir víða um svæðið.

Árangursmælikvarðar: Fjöldi verkefna sem komast í framkvæmd og aðsókn á hátíðir

Tími: 2020-2024

1.4. Taka fjölmeningarstefnu til endurskoðunar og endurritunar

Stofnun fjölmeningarnefndar
Endurskoðun stefnu Eyþings frá árinu 2017

Árangursmælikvarðar: Fjölmeningarstefna unnin og innleidd á tímabilinu
Tími: 2021-2024

1.5. Styrkja og festa í sessi samstarf við menningarstofnanir og hátíðir frá öðrum landshlutum

Halda Hönnunarmars í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs
Halda listviðburði á svæðinu í samstarfi við Listahátíð Reykjavíkur
Halda norðenska listviðburði í Reykjavík í samstarfi við Listahátíð Reykjavíkur
Halda Þjóðleik, verkefni Þjóðleikhús Íslands, annað hvert ár
Þátttaka í Upptaktinum í samstarfi við Hörpuna
Samstarf við Bókmenntahátíð Reykjavíkur

Árangursmælikvarðar: Fjöldi samstarfsverkefna
Tími: 2020-2024

2. Efla samvinnu menningarstofnana og kynningu á menningarstarfi í landshlutanum

2.1. Stuðningur við faglegt starf safna á öllu svæðinu

Unnið verður að sameiginlegri markaðs- og kynningarstefna safna og setra á svæðinu.

Menningarstofnanir á svæðinu verða hvattar til hanna sérstaka fræðsluáætlun ætlaða börnum sem hluta starfsáætlunar hvers árs.

Árangursmælikvarðar: Fjöldi heimsókna á söfnin
Tími: 2021-2024

2.2. Kynna og miðla menningararfleið svæðisins með nýstárlegum hætti

Nýsköpunaráttak í kynningu og framsetningu menningarminja svæðisins þar sem áhersla verði lögð á miðlun til jafns við rannsóknir og kortlagningu.

Árangursmælikvarðar: Fjöldi sveitarfélaga og stofnana sem taka þátt í verkefninu
Tími: 2022-2024

2.3. Efla Norðurslóðasamstarf á sviði menningar og lista

Hvatt verður til nýsköpunar í norðurslóðamálum og að Akureyri verði miðstöð fyrir norðurslóðastarfsemi í landinu.

Árangursmælikvarðar: Fjöldi landa sem taka þátt í verkefninu

Tími: 2021-2024

3. Fjölga atvinnutækifærum listafólks á svæðinu

3.1. Koma á fót innlendum og erlendum samstarfsverkefnum á sviði lista með þátttöku aðila í landshlutanum

Hvetja listfólk og menningarstofnanir á svæðinu til að hefja samstarf í gegnum Creative Europe-Culture.

Árangursmælikvarðar: Fjöldi erlendra samstarfsverkefna sem komast í framkvæmd

Tími: 2022 - 2024

3.2. Stuðla að nýsköpun í menningu og listum

Gert í gegnum fjölbreytileika verkefna styrkt úr uppbyggingarsjóði Auglýsa sérstaklega eftir slíkum verkefnum í uppbyggingarsjóði

Árangursmælikvarðar: Fjöldi verkefna sem komast í framkvæmd

Tími: 2022 - 2024

3.3. Skilgreina svæðisbundin hlutverk menningarstofnana á landsbyggðinni

Unnin verði stefnumótun og skilgreining á hlutverkum menningarmiðstöðva og sambærilegra stofnana á landsvísu líkt og gert er í nágrennalöndunum í samstarfi við hina landshlutana.

Sækja um styrk til þessa verkefnis úr byggðaáætlun.

Árangursmælikvarðar: Stefnuskjal liggur fyrir

Tími: 2022 - 2024

4. Styðja við listsköpun

4.1. Efla barnamenningu með ólíkum menningarviðburðum fyrir börn og ungmenni

Styðja áfram við verkefni á borð við Þjóðleik, Upptaktinn, Barnamenningarhátíð, Bókmenntahátíð barna í Hofi, List fyrir alla og Ungskáld.

Árangursmælikvarðar: Fjöldi verkefna sem komast í framkvæmd
Tími: 2020-2024

4.2. Efla samstarf menningarstarfs framhaldsskóla á Norðurlandi eystra

Stofna ungmennaráð SSNE
Fjölga ungmennahátíðum á svæðinu

Árangursmælikvarðar: Fjöldi skóla sem eiga í menningartengdu samstarfi
Tími: 2021-2024

4.3. Efla grasrótastarf í listum

Fjölga menningarverkefnum í uppbyggingarsjóði sem styðja við grasrótastarf í listum.

Árangursmælikvarðar: Fjöldi verkefna styrktum úr uppbyggingarsjóði sem styðja við grasrótastarf
Tími: 2020-2024

4.4. Fjölga listnámskeiðum og listasmiðjum á svæðinu

Árangursmælikvarðar: Fjöldi listnámskeiða og listasmiðja
Tími: 2021-2024

Umhverfismál

Framtíðarsýn: Aukin vitund íbúa um umhverfi og neyslu í samfélagslega ábyrgum landshluta

Meginmarkmið

- 1. Marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum**
- 2. Efla staðbundna þekkingu á svæðinu í umhverfismálum**
- 3. Leggja okkar af mörkum til að mæta skuldbindingum Íslands varðandi bindingu CO2**
- 4. Koma til móts við þau markmið sem sett eru fram í landsáætlun varðandi meðferð úrgangs**

1. Marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum

1.1. Standa fyrir samráði um heildrænt svæðisskipulag

Stofna fagráð umhverfismála

Halda fundi með aðildarsveitarfélögum um heildrænt svæðisskipulag

Árangursmælikvarðar: Niðurstaða samráðs aðildarsveitarfélaga SSNE liggur fyrir

Tími: 2021 - 2023

1.2. Auka samstarf við bændur og landeigendur

Tryggja að verði hluti af aðgerðaráætlun loftlagsmála. Skipulegt samstarf og stuðningur við bændur og landeigendur teiknað upp í aðgerðaráætlun.

Árangursmælikvarðar: Samstarfið sé listað skýrt upp í aðgerðaráætlun

Tími: 2022 - 2024

1.3. Vinna markvissa stefnumótun um uppbyggingu hringrásarhagkerfis

Árangursmælikvarðar: Fullmótuð stefna um uppbyggingu hringrásarhagkerfis liggur fyrir

Tími: 2021 - 2023

1.4. Kortleggja mögulega orkugjafa og móta stefnu um nýtingu þeirra

Árangursmælikvarðar: Kortlagning liggur fyrir
Stefnuskjal er fullunnið
Tími: 2022 - 2024

2. Efla staðbundna þekkingu á svæðinu í umhverfismálum

2.1. Gera fræðsluáætlun varðandi umhverfis- og loftlagsmál sem sveitarfélög og aðrir hagaðilar geta nýtt sér

Árangursmælikvarðar: Formleg áætlun liggur fyrir
Tími: Fyrir lok árs 2021

2.2. Miðla gagnlegu efni varðandi umhverfismál á síðu SSNE

Búa til sérstaka undirsíðu á heimasíðu SSNE

Árangursmælikvarðar: Undirsíðan tilbúin og komin í notkun
Tími: –Fyrir lok árs 2021

2.3. Hvetja til aukinnar meðvitundar um svæðisbundna framleiðslu

Viðtöl við framleiðendur á svæðinu
Efla matarhátíðir

Árangursmælikvarðar: Fjöldi viðtala og umfjallana í fjölmiðlum um framleiðendur í landshlutanum
Tími: 2022 - 2024

2.4. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og hvetja til breyttra ferðavenja

Aukin fræðsla og umfjöllun á miðlum SSNE

Árangursmælikvarðar: Hlutfall farartækja á svæðinu sem ekki ganga fyrir jarðefnaeldsneyti
Tími: 2021 - 2024

3. Leggja okkar af mörkum til að mæta skuldbindingu Íslands varðandi bindingu á CO2

3.1. Gera stöðumat á landshlutanum hvað varðar losun og möguleika til bindingar og kolefnisjöfnunar

Árangursmælikvarðar: Stöðumat og núllpunktagreining liggur fyrir
Markmið sett í kjölfarið
Tími: 2021 - 2022

3.2. Gera aðgerðaáætlun til að mæta markmiðum um að draga úr losun

Árangursmælikvarðar: Aðgerðaáætlun liggur fyrir
Tími: 2022

3.3. Hvetja til aukinnar matvælaframleiðslu á svæðinu, styttingar flutningsleiða neysluvöru og bættra upprunamerkinga

Efla matarhátíðir og auka fræðslu

Árangursmælikvarðar: Heildarhlutfall úthlutaðra styrkja úr Uppb.sj. sem rennur til nýsköpunar í matvælaframleiðslu
Fjöldi framleiddra vara á svæðinu með upprunamerkingu
Tími: 2020 - 2024

4. Koma til móts við þau markmið sem sett eru fram í landsáætlun varðandi meðferð úrgangs

4.1. Gera hagkvæmnimat á líforkuveri

Árangursmælikvarðar: Hagkvæmnimat liggur fyrir
Tími: 2022

4.2. Samræma flokkun sorps, draga verulega úr urðun og minnka sóun í landshlutanum
Fundir með sveitarstjórnnum um sorpmál

Árangursmælikvarðar: Verða ákveðnir í kjölfar stöðumats og núllpunktagreiningar
Tími: 2020 - 2024

4.3. Hvetja til nýsköpunar í nýtingu úrgangs og auka verðmætasköpun með þátttöku í hraðli

Árangursmælikvarðar: Heildarhlutfall úthlutaðra styrkja úr Uppb.sj. sem rennur til nýsköpunar í nýtingu úrgangs
Tími: 2021 – 2024

5. Að útdeiling fjármuna í landshlutanum sé í takt við umhverfismarkmið

5.1. Meta verkefni sérstaklega m.t.t. umhverfisáhrifa við útdeilingu fjármuna vegna sóknaráætlunar

Árangursmælikvarðar: Fjöldi styrktra verkefna úr Uppbyggingarsjóði sem styðja við umhverfismarkmið sóknaráætlunar
Tími: 2020 - 2024

5.2. Stofna fagráð umhverfismála

Árangursmælikvarðar: Fagráð umhverfismála er fjármagnað og stofnað
Tími: 2021